

Fundur í Vinnuvernarnefnd Grindavíkurbæjar þriðjudaginn 1. október 2013 kl. 15:00.  
Mættir voru: Þorsteinn Gunnarsson, Sigurbjörg Erlingsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Fríða Egilsdóttir, Lóa Björg Björnsdóttir, Jón Björn Sigurgeirsson og Valdís Brá Þorsteinsdóttir frá Vinnuvernd.

### **1. Staða rýmingaráætlana fyrir stofnanir bæjarins**

Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri mætti á fundinn til að fara yfir stöðu á viðbragðs- og rýmingaráætlunum. Áætlun fyrir grunnskólann við Ásabraut og Hópsskóla er langt komin. Laut, Krókur og slökkviliðið eru einnig langt komin. Aðrar stofnanir eru í vinnslu. Ásmundur kynnir málið áfram á næsta forstöðumannafundi. Stefnt er að því að ljúka rýmingaráætlunum í lok þessa árs.

### **2. Áhættumat fyrir stofnanir bæjarins**

Lokið hefur verið áhættumat hjá öllum stofnunum nema grunnskólanum við Ásabraut og íþróttamannvirki. Áhættumatið hefur verið sent í athugasemdaferli hjá starfsfólki stofnana bæjarins þar sem við á.

### **3. Plaköt til að hengja upp í stofnanir**

Útbúin hafa verið plaköt fyrir handþvott, hléæfingar, líkamsbeitingu og influensu sem send verða í allar stofnanir.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 7. nóvember kl. 15:00.

Fundi slitið kl. 16:10.